

Matt Taylor stjarnedlisfræðingur

Matthew Graham George Thaddeus Taylor (f. 1973) er breskur stjarnedlisfræðingur, sem starfar hjá Evrópsku geimvísindastöðinni (European Space Agency), þekktur m.a. fyrir þátttöku í lendingu geimflaugar á halastjörnu. Þegar hann kynnti vel heppnaða lendingu flaugarinnar íklæddist hann skrautlegri skyrtu frá Hawai, skreytta myndum af alls konar konum – hálfberum flestum. Kvenfrelsunin hafði líklega farið fram hjá honum, enda hálfgerður Villi-viðutan, að sögn systurinnar. Það fór kúgunarhrollur um kvenfrelsaranna eins og nærri má geta. Kynfauti m.m. var hann kallaður.

Einn þeirra sagði: „Boðskapurinn á skyrtu hans til kvenna í raunvísindum (STEM) er: „Ég ber enga virðingu fyrir þér sem atvinnumanni. Þegar ég ber þig augum sé ég kynhlut.“ Önnur gerði lítið úr honum og vísindalegum afrekum hans: Til hamingju með menntun þína, en smyrðu nú handa mér samloku.

Cathy Young skrifar hér af alkunnri skarpskyggni um málið sem „blygðunarlaust dæmi um systralag hinna eilífu fórnarlamba.“

<https://time.com/3589392/comet-shirt-storm/> -

[https://en.wikipedia.org/wiki/Matt_Taylor_\(scientist\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Matt_Taylor_(scientist))-

<https://www.theguardian.com/science/2014/nov/14/rosetta-comet-dr-matt-taylor-apology-sexist-shirt>